



Í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði er móttökuáætlun barna með sérþarfir í samræmi við 9. gr. nr. 585/2010 þar sem segir um nemendur með sérþarfir:

Auk almennrar móttökuáætlunar samkv. 16. gr. laga um grunnskóla skulu grunnskólar útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Í slíkri áætlun skal m.a. gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulagi kennslunnar, aðbúnaði, aðstöðu, notkun hjálpartækja, skipulagi einstaklingsnámskrá, kennsluháttum og námsmati, hlutverki umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarfi við foreldra. Tilgreina skal áform skólans um stuðning við nemendur með sérþarfir við nemendur til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tómstundastarfi skólans. Í slíkri áætlun skal einnig gera grein fyrir samstarfi við aðila utan skólans.

Móttaka við upphaf skólagöngu:

Sérkennslustjóri Barnaskólans boðar foreldra barna sem upplýsingar liggja fyrir um greiningu og/eða sérþarfir á upplýsinga- og teymisfund áður en skólagangan hefst. Staða barnsins er rmetin, ráðstafanir gerðar í samræmi við þarfir í samvinnu við foreldra og umsjónarkennara þess. Upplýsinga- og/eða teymisfundir eru ákvarðaðir og næsti fundur dagsettur.

Samstarf og skipulag kennslu – námsmat – ábyrgðarhlutverk

Umsjónarkennari ber ábyrgð ef barn er skráð í sérúrræði eða sækir kennslu til sérkennara. Ef þarfir fyrir sérkennslu fer yfir 50% er sérkennari valinn sem umsjónarkennari og stuðningsaðili barnsins. Umsjónarkennari og sérkennari bera sameiginlega ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrá. Einstaklingsnámskrá er gerð með tilliti til þroskamats, greininga, óskum foreldra og mati kennara. Einstaklingsnámskrá er uppfærð í samræmi við framvindu markmiða hverju sinni. Í einstaklingsnámskrá eru sett fram langtíma- og skammtíma markmið bæði í náms- og félagslegum þáttum. Námsmarkmið, námsaðstæður, námsefni, námsmat og aðrar aðstæður í skólanum eru aðlagðar hverju og einu barni. Kennslan fer fram eftir þörfum hvers barns og getur farið fram með eða án stuðnings inni í bekk, sérkennslu í litlum hópi eða einstaklingskennslu utan bekkjar. Námsmat er til þess að fylgjast með hvernig barni tekst að mæta markmiðum einstaklingsnámskrár til framfara. Vitnisburður er skráður í Mentor og er bæði miðannarmat og vorannarmat ásamt skriflegri umsögn um stöðu barnsins bæði félagslega og námslega. Um er að ræða símat þar sem kennari metur börnin jafnt og þétt yfir allan veturinn og skráir jafnóðum. Lykilhæfni hvers barns er metið sérstaklega og fléttast það saman við kynjanámskrá Hjallastefnunnar.

Notkun hjálpartækja

Ef nemandi þarf á hjálpartækjum að halda við nám sitt verður leitað allra leiða til að hafa þau tiltæk það á við um allan aðbúnað sem barn þarf í kennslustofu, s.s. sérstól og borð ef því er að skipta, tölvubúnað og ýmis jaðartæki fyrir tölvur, lestrarforrit, ýmis gagnvirk forrit og fleira.

Stuðningur til félagslegrar þátttöku og virkni

Sérkennslustjóri og umsjónarkennari gera áætlun um handleiðslu í öllum félagslegum aðstæðum ef þörf er á og er það þá tekið fram sérstaklega í markmiðum einstaklingsnámskrár hvers barns.

Á hverjum degi er 1 klst val tími þar sem börnum Barnaskólans gefst kostur á félagslegum samskiptum á sínum eigin forsendum í gegnum leik. Eru börnin handleidd þar eftir þörfum.

Í vettvangsferðum, lengri ferðum og í vorferð skólans sem er þriggja daga ferð er sérstaklega gætt að því að öll börn skólans geti tekið þátt. Er það þá undirbúið sérstaklega í samvinnu við barn og foreldra.

Aðbúnaður og aðstaða

Aðstaða og aðbúnaður til sérkennslu er í samræmi við lög og reglugerðir. Leitast er við að hafa fjölbreytt úrval námsgagna og nýta tölvur og tölvuforrit til náms.

Samstarf við aðila utan skólans

Barnaskólinn er með samstarf við eftirfarandi fagaðila utan skólans:

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Félagsþjónustu og Barnavernd Hafnarfjarðar, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Þroska- og hegðunarstöð, Barna- og unglínga geðdeildina, Sálfræði- og læknastofuna Sól, Tryggva Ingason sálfræðing, Berglindi Brynjólfsdóttur sálfræðing, Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðing, hjúkrunarfræðing frá Heilsugæslustöðinni, túlkþjónustu og aðra þá sem vinna með og koma að viðkomandi börnum.

Skilafundir - teymisfundir

Sérkennslustjóri situr skilafundi á milli leik- og grunnskóla. Ef um er að ræða börn sem hefja nám við skólann eftir 1. bekk eru skilafundir milli skólanna sem bæði sérkennslustjóri og umsjónarkennari sitja. Nemendur sem fara frá Barnaskólanum yfir í annan skóla er fylgt eftir með skilafundi sem sérkennslustjóri boðar og umsjónarkennari situr einnig.

Sérkennslustjóri sér um að boða teymisfundi bæði með foreldrum og fagaðilum vegna barna með sérþarfir. Samstarf við foreldra utan teyma eru hefðbundin foreldraviðtöl, samskipti gegnum Mentor, með tölvupósti auk upplýsingafunda eftir þörfum og/eða áætlunum sem gerðar eru.